

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Netfang: nel@nel.is

Heimasíða: www.nel.is

Upplýsingar um nefnd um eftirlit með lögreglu

Nefnd um eftirlit með lögreglu tekur við ábendingum, kvörtunum og kærnum sem varða störf lögreglunnar.

Hver sá sem telur að starfsmaður lögreglunnar hafi (1) framið refsivert brot í starfi (2) viðhaft ámælisverða starfsaðferð eða framkomu í starfi eða (3) er ósáttur við almenna starfshætti lögreglu getur leitað beint til nefndarinnar með tilkynningu og óskað eftir að mál hans verði tekið til athugunar.

Almennar upplýsingar um nefnd um eftirlit með lögreglu er að finna á heimasíðu nefndarinnar sem er á slóðinni www.nel.is. Til þess að hafa samband við nefndina er hægt að senda tölvupóst á netfangið nel@nel.is eða bréfpóst á eftirfarandi heimilisfang: Nefnd um eftirlit með lögreglu, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Leiðbeiningar

Rétt er að eftirtaldar upplýsingar komi fram í tilkynningu til nefndarinnar:

- Fullt nafn, heimilisfang, símanúmer og kennitala þess sem sendir inn tilkynninguna.
- Lýsing á þeirri háttsemi eða því atviki sem kvartað er yfir.
Hér þarf að koma fram stutt lýsing á þeirri háttsemi eða því atviki sem er tilefni tilkynningarinnar. Tilgreina má það embætti og/eða starfsmann sem tilkynningin varðar, ef þær upplýsingar liggja fyrir.
- Dagsetning og undirskrift þess sem sendir inn tilkynninguna.
- Ef til staðar eru skjöl eða gögn sem til þess eru fallin að varpa ljósi á málavexti, mega þau fylgja með tilkynningunni.

